

Nd.

617. Nefndarálit

[294. mál]

um frv. til l. um umboðsmann Alþingis.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um tvö frumvörp um umboðsmann Alþingis sem deildin hefur vísað til hennar. Það sem fyrr var lagt fram er frv. Gunnars G. Schram, Péturs Sigurðssonar, Ellerts B. Schram og Friðriks Sophussonar á þskj. 28. Hið síðara er stjórnarfrumvarp um sama efni á þskj. 523.

Síðara frumvarpið er í flestum meginatriðum samhljóða þingmannafrumvarpinu á þskj. 28. Ræddi nefndin því bæði frumvörpin sameiginlega. Kallaði hún til viðtals um efni þeirra Baldur Möller, fyrrv. ráðuneytisstjóra, Björn P. Guðmundsson, prófessor í stjórnarfarsrétti, og Magnús Guðjónsson, framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga. Jafnframt var aflað umsagna annarra um bæði frumvörpin.

Niðurstaða nefndarinnar er sú að hún leggur til að frv. á þskj. 523 verði samþykkt en með ýmsum breytingum sem m.a. eiga rætur sínar að rekja til hlutadeigandi ákvæða í frumvarpinu um umboðsmann Alþingis á þskj. 28. Eru þær breytingartillögur, sem nefndin flytur, að finna á sérstöku þingskjali.

Ólafur P. Þórðarson var fjarstaddur lokaafgreiðslu málsins.

Alþingi, 16. febr. 1987.

Gunnar G. Schram,
form., frsm.

Guðrún Helgadóttir,
fundaskr.

Friðjón Þórðarson.

Pálmi Jónsson.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Stefán Guðmundsson.